



**59. fundur Byggðaráðs Múlapings  
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 6. september 2022  
og hófst hann kl. 08:30**

**Fundinn sátu:**

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnsýslusviði

**Dagskrá:**

**1. 202201015 - Fjármál 2022**

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

**2. 202204221 - Fjárhagsáætlun Múlapings 2023 - 2026**

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir stöðu vinnu fjárhagsáætlunar Múlapings 2023 og þriggja ára áætlunar 2024 til 2026 á grundvelli rammaáætlunar sem samþykkt var af sveitarstjórn 29. júní 2022.

**3. 202209001 - Atvinnumál í Múlaþingi**

Inn á fundinn tengdist forstjóri Síldarvinnslunnar, Gunnþór Ingvason, og fór yfir stöðu mála og framtíðarsýn varðandi starfsemi Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði.

**Gestir**

Gunnþór Jónsson - 08:30

**4. 202209006 - Menningarstefna Múlapings**

Í gildandi málefnaþingningi B- og D-lista kemur fram að vinna skuli menningarstefnu fyrir Múlaþing og skoða skuli möguleika þess að vinna sameiginlega menningarstefnu fyrir Austurland.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir að fela atvinnu- og menningarmálastjóra að setja af stað vinnu við mótun menningarstefnu fyrir Múlaþing. Höfð verði til hliðsjónar m.a. menningarstefna fyrir Fljótsdalshérað er tók gildi 2019. Byggðaráð Múlapings samþykkir einnig að beina því til umfjöllunar á haustþingi SSA að tekin verði til skoðunar möguleiki þess að vinna sameiginlega menningarstefnu fyrir Austurland.



Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**5. 202108121 - Aðbúnaður gangandi vegfarenda á Djúpavogi**

Heimastjórn Djúpavogs vill beina því til Byggðarráðs að í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 verði tryggðir verulegir fjármunir til úrbóta í öryggismálum gangandi vegfarenda á Djúpavogi. Margítrekað hefur verið að nauðsyn sé að bæta úr öryggi gangandi vegfarenda. Víða eru engar gangstéttir og ástand þeirra misjafnt þar sem þær eru, gangbrautir vantar og merkingum er ábótavant.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að beina ábendingum heimastjórnar Djúpavogs varðandi aðbúnað gangandi vegfarenda á Djúpavogi til framkvæmda- og umhverfismálastjóra til vinnslu.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**6. 202209003 - Fundagerðir Sigfúsarstofu 2022**

Fyrir liggja fundargerðir stjórnar Sigfúsarstofu, dags. 23.08.2021, 18.08.2022 og 30.08.2022. Jafnframt liggur fyrir erindi frá stjórn varðandi fjárhagsáætlun Sigfúsarstofu 2023 og framlag Múlaþings.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð samþykkir að vísa erindi varðandi fjárhagsáætlun Sigfúsarstofu 2023 til atvinnu- og menningarstjóra til úrvinnslu í tengslum við vinnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 - 2026.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**7. 202201078 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2022**

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags. 26.08.2022.

Lagt fram til kynningar.

**8. 202111121 - Fundagerðir stjórnar, Minjasafn Austurland**

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Minjasafns Austurlands, dags. 01.09.2022.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun Minjasafns Austurlands fyrir árið 2023 til atvinnu- og menningarstjóra til úrvinnslu í tengslum við vinnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 - 2026.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.



**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:45**

